

**199. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
31. maí 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Ólafur Adolfsson tók þátt í fundinum á Teams.

**Fyrir tekið:**

**1. 2105126 - Umferðaröryggi 2021**

Umferðaröryggi í Skógarhverfi, Jón Ólafsson verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahússins mæta á fundinn.

*Skipulags- og umhverfisráð þakkar Jóni og Alfreð fyrir góða kynningu.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur Jóni og Alfreð að gera kostnaðaráætlun um aðgerðir til að bæta umferðaröryggi í Skógarhverfi.*

**2. 2101081 - Gatnaviðhald - umferðaröryggi**

18. maí 2021 voru opnuð voru tilboð í verkið "Gatnaviðhald 2021".

*Eftirfarandi tilboð bárust:*

*Skóflan hf. kr. 53.325.500  
Vargur ehf. kr. 68.440.000  
Kostnaðaráætlun kr. 55.371.525*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verið til samninga við lægstbjóðanda.*

*Samþykkt 3:0*

**3. 2105187 - Moldar og jarðvegstíppur**

26. maí 2021 voru opnuð verðtilboð í verkið "Verð fyrirspurn moldar- / jarðvegstíppur.

*Eftirfarandi tilboð bárust:*

*Bjarmar ehf. kr. 11.133.000  
Þróttur ehf. kr. 10.531.500  
Kostnaðaráætlun kr. 11.250.000*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að gengið verið til samninga við lægstbjóðanda.*

*Samþykkt 3:0*

RS

**4. 2104190 - Höfðasel 4 matshluti 4 - umsókn um byggingarleyfi**

Erindið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga, frá 14. maí til 11. júní 2021. Aðilar sem fengu grenndarkynningu hafa svarað og gera ekki athugasemd við byggingarleyfið.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja fyrirhugaðar framkvæmdir.*

**5. 2103323 - Grundaskóli - uppbygging**

Gögn frá Andrúm arkitektum um framkvæmdir í Grundaskóla yfirfarnar.

*Skipulags- og umhverfisráð felur Andrúm arkitektum að vinna frekari útfærslu á kennslu- og stjórnendarymi innan skólans.*

*Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að undirbúa útboð á færanlegum kennslustofum, til að mæta tímabundinni vöntun á kennslurými sem og að vinna tillögu að breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar 2021 sem slíku útboði fylgir.*

*Samþykkt 3:0*

*Jón og Alfreð viku af fundi eftir þennan fundarlið.*

**6. 2105143 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3A - breyting**

Lögð fram breyting á deiliskipulagi Skógarhverfis áf. 3A, sem felur í sér að koma fyrir þremur einbýlishúsum í stað raðhúsa. Breytingin er gerð vegna umferðaöryggis við Akralund.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að breytingin verði samþykkt skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.*

*Samþykkt 3:0*

**7. 2105127 - Deiliskipulag Sementsreits - breyting - Suðurgata**

Breyting á byggingarmagni í samræmi við lóðarstærðir. Stækkun á byggingarreitum til hagræðingar.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að breyting á deiliskipulagi verði grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir lóðarhöfum við Suðurgötu nr. 90, nr. 93, nr. 97, nr. 99, nr. 103, nr. 107, nr. 109, nr. 111, nr. 113 og nr. 114.*

*Breytingin felst í því að lóðir nr. 92, nr. 94, nr. 96, nr. 98, nr. 106, nr. 110, nr. 112 og nr. 118 fá nýmri byggingarreiti.*

*Byggingarmagn á Suðurgötu nr. 110 er aukið úr 221 fermetra í 230 fermetra.*

*Byggingarmagn á Suðurgötu 112 er aukið úr 221 fermetra í 245 fermetra.*

*Heimilt verður að fjarlægja hús við Suðurgötu 108 og gerður nýr byggingarreitur, byggingarmagn á lóðinni var 237 fermetra en verður 245 fermetrar. Að öðru leyti gildir núverandi deiliskipulag og greinargerð.*

*Samþykkt 3:0*

**8. 2101132 - Suðurgata 32 bílskúr breyting í íbúð - umsókn um byggingarleyfi**

Umsókn um að breyta notkun bílskúrs í herbergi með baði og eldhúskrók í

*RS*

tengslum við gistiheimili, skv. meðfylgjandi uppdrætti. Fasteignin er á óskipulögðu svæði.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynna eigi byggingarleyfið samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum við Suðurgötu 30, 32, 33 og Akursbraut 11b.*

Samþykkt 3:0

**9. 2105179 - Deiliskipulag Flóahverfi - dælistöð, umsókn til skipulagsfulltrúa**

Veitur óska eftir breytingu á deiliskipulagi Flóahverfi fyrir lóð undir dælustöð.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynna breytingu á deiliskipulagi samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir lóðarhöfum við Lækjarflóa nr. 1 og nr. 2.*

*Breytingin felst í að gert er ráð fyrir nýrri lóð, 716.4 m<sup>2</sup> að stærð. Á lóðina er fyrirhugað að reisa dælustöð. Hámarksstærð byggingarinnar er 60 m<sup>2</sup>. Í deiliskipulagi og fyrri deiliskipulagsbreytingu er gert ráð fyrir göngustíg þar sem hin nýja lóð liggur. Færa þarf göngustíginn af byggingarreit lóðarinnar vegna dælustöðvarinnar. Göngustígurinn má vera innan lóðamarkanna en á uppdættinum má sjá tillögu að nýrri staðsetningu stígsins. Einnig er sett kvöð um lagnaleið vegna fyrirhugaðra fráveitulagna. Kvöðin er um 10 metra breidd og liggur frá dælustöðinni suður samhliða lóðunum. Að öðru leyti halda skilmálar gildandi skipulags.*

Samþykkt 3:0

**10. 2103129 - Deiliskipulag Skógarhverfis 3C og 5 - lýsing**

Skipulagsfulltrúi fer yfir gögn fyrir kynningu á Skógarhverfi. Einnig verður farið yfir næstu skref í gatnagerð.

*Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram með Veitum.*

**11. 2105186 - Smáhundurði**

Beiðni frá smáhundaeigendum um sérstakt hundagerði fyrir smáhunda.

*Lagt fram.*

Ólafur Adolfsson samþykkti fundargerðina með rafrænum hætti.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Ragnar Scmundsson  
Guðrún Ólaf*

*Hafdis Sigurþórsd  
Halldóra Munka Arnadóttir  
Loen Frey Brónsson*